

## Joseph Biden dreginn fyrir dóm með veiruvínunum

Veröldin kynni að vera að vakna til vitundar um skollaleikinn í sambandi við bólusetningarnar gegn Covid-19, sem raunar engar bólusetningar eru, heldur arfberameðferð (gene therapy). Í Evrópu hafa alþjóðleg alþýðuréttarhöld (Grand Jury Proceeding by the Peoples' Court of Public Opinion) átt sér stað og nú er forseta Bandaríkjanna, embættismönnum Malvæla- og lyfjaeftirlitsins (Food and Drug Administration - FDA) og Sjúkdómseftirlits- og heilsuverndarstofnunar Bandaríkjanna (Centers of Disease Control and Prevention - CDC), stefnt fyrir rétt.

Það er David E. Martin, eitt vitnanna í alþýðuréttarhöldunum, sem leggur málið fyrir dóm í Utath í Bandaríkjum Norður-Ameríku. David hefur um árabil rekið alþjóðlegt vottunarfyrirtæki, sem m.a. hefur vottað umsóknir um einkaleyfi á uppgötvunum á vettvangi örveirufræða og lækninga, bólusetningar þar með taldar.

Eins og flestum mun kunnugt er veiran margumrædda búin til á rannsóknarstofu í Wuhan í Kína með þátttöku háskólans í Norður-Virginíu og fjármögnuð af bandarískum yfirvöldum, CDC og Anthony Fauci, sóttvarnalækni Bandaríkjanna.

Veiran var á sínum tíma skoðuð af Varnarannsóknadeild Varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna Norður-Ameríku (Defense Advanced Research Projects Agency – DARPA) með tilliti til lífvopnahernaðar. (Bandaríkjamenn hafa fjölda slíkra rannsóknarstofa á sínum snærum víðs vegar um heim, m.a. í Úkraínu.)

Svokölluðu mRNA bóluefni er sprautað inn í líkamann, sem veldur því, að ónæmiskerfið er rekið til starfa, skapar andsvör og framleiðir mótefni gegn veirusýkingunni. Tilbúna veiran er sérhönnuð til að sýkja lungu. Áberandi hluti hennar er ákveðin broddhvíta (protein), sem auðveldar aðgengi að frumunum.

Í dómsskjölum er m.a. eftirfarandi lagt til grundvallar: „Líkamanum er umbreytt í lífvopnaverksmiðju, framleiðir broddhvítu, skráða sóttkveikju með arfberaröð (genetic) úr SARS-CoV-2 [Severe acute respiratory syndrom coronavirus 2 - heilkenni alvarlegrar, bráðnar lungabólgu], sem er þekkt eiturefni á lista yfir skráð lífeiturefni (toxin) samkvæmt [skilgreiningar]lykli Bandaríkjanna Norður-Ameríku.

Sprautan stuðlar ekki að nokkru ónæmi við SARS-Cov-2. Í besta falli fæst ónæmi við fyrsta tölvuaufbrigði broddhvítunnar, sem menn í fyrstu héldu að væri tengt SARS-CoV-2. Einasta ónæmi, sem halda mætti fram að hefði myndast, var gegn fyrsta broti broddhvítunnar í frumgerð [veirunnar].“

Reynslan rennir frekari stoðum undir fullyrðingar Davíðs. Hvaðanæva berast tilkynningar um geigvænlegar aukaverkanir (veirunni er vísast kennt um margar þeirra) og ónæmisskortir, þrátt fyrir villuljósaaðgerðir lyfjafyrirtækja og stjórnvalda. Nú er um að ræða faraldur hinna sprautuðu.

Þekktir örverufræðingar voruðu strax í upphafi við þessari þróun og bentu á hættu á alvarlegum skemmdum á ónæmiskerfinu sjálfu. Þær kynnu að vera að raungerast í sjálfsónæmissjúkdómum (autoimmune), áunnu alnæmi (acquired immune deficiency syndrome - AIDS) og áunnum mótefnaáauka (antibody dependent enhancement), sem í afar stuttu máli felur í sér, að mótefni, sem til verða í baráttu ónæmiskerfisins við veiruna, bera kennsl á sóttkveikjuna, en eru ófær um að koma í veg fyrir smit. Þess í stað greiðir mótefnið veirunni leið inn í frumurnar. Það er jafnvel öllu alvarlegra, að nýjar rannsóknir benda til þess, að bóluefnið valdi varanlegum breytingum á DNA kjarnsýrunni (DNA), þ.e. „erfðaforriti“ líkamans.

Það er sótt að bandarískum yfirvöldum úr fleiri áttum. Bandaríkir sjóliðar mótmæla covid-19 bólusetningarskyldu og viðurlögum við óhlýðni. „Frelsisráð“ þeirra hefur nú höfðað mál til að fá henni hnekkt. Herlæknirinn, Theresa Long, hefur í þessum réttarhöldum borðið vitni um, að henni hafi verið skipað að þegja um skaðsemi bólusetninganna.

Það þarf væntanlega dóm til að stöðva þessa arfberameðferð eins og dóm þurfti til að stöðva kynumbreytingalyfjagjöfina. Nú boðar Þórólfur fjórðu covid-sprautu eins og embættisnautar hans í útlöndum. Pfizerforstjórinn er tilbúinn með sprautuna.

Samtímis því, að sprautan er munduð hjá lyfjafyrirtækinu, Pfizer, sem færa má gild rök fyrir, að sé það spilltasta, ósvífnasta og glæpsamlegasta í veröldinni, er frumtilraunagögnum þess mjatlað til almúgans. Þar opinberast svik og yfirhýlmingar. Í fyrsta skjalaskammti má sjá, að um miðjan nóvember 2021 hafði fyrirtækið fengið tilkynningar um 42.986 aukaverkanir, 1.223 dauðföll þar á meðal.

Upplýsingar úr gögnum Pfizer og uppljóstranir munu vafalaust styðja málatilbúnað þeirra, sem nú leita réttar síns gagnvart covid-19-bólusetningarstjórnvöldum. Það mun vafalaust einnig hjálpa til, að sumir meginstraumsmiðla, sem þátt taka í skollaleiknum, virðast einnig vera að rumska um blekkingarleikinn með tölur til að valda fólki ótta og vernda ásjónu sjálfra sín, embættismanna og kosinna stjórnvalda. Ætli RÚV vakni?

<https://vrevealed.com/c19/trailer>

<https://stevekirsch.substack.com/p/how-can-they-explain-any-of-this?s=r>

<https://www.youtube.com/watch?v=-a7nld57f2M>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/23/pfizer-documents-and-john-campbell-is-red-pilled/>

[https://childrenshealthdefense.org/defender/cdc-removes-tens-of-thousands-deaths-covid/?utm\\_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=c5f35b29-11c5-4f3e-b631-3fa7093b0ee8](https://childrenshealthdefense.org/defender/cdc-removes-tens-of-thousands-deaths-covid/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=c5f35b29-11c5-4f3e-b631-3fa7093b0ee8)

<https://www.mdpi.com/1467-3045/44/3/73/htm#B39-cimb-44-00073>

<https://lc.org/newsroom/details/031122-dramatic-testimony-on-military-shot-mandate-case>

<https://amgreatness.com/2022/01/24/lawyer-thomas-renz-miscarriages-and-cancers-up-300-neurological-problems-up-1000-in-past-year/>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/25/military-doctor-testifies-ordered-suppress-covid-vaccine-injuries/>

<https://rumble.com/vuua5n-dr-john-campbell-hugo-talks-lockdown.html>

<https://steigan.no/2022/03/hvor-kommer-maktelitens-tankegods-fra/>

<https://www.vardfokus.se/nyheter/omfattande-samsjuklighet-bland-avlidna-i-ostergotland/>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/24/uk-gov-data-92-percent-covid-deaths-fully-vaccinated/>

[https://www.anti-spiegel.ru/2022/die-usa-haben-in-georgien-und-der-ukraine-an-fledermaus-coronaviren-geforscht/?doing\\_wp\\_cron=1647851996.4903810024261474609375](https://www.anti-spiegel.ru/2022/die-usa-haben-in-georgien-und-der-ukraine-an-fledermaus-coronaviren-geforscht/?doing_wp_cron=1647851996.4903810024261474609375)

<https://www.svt.se/nyheter/lokalt/ost/aldre-med-covid-19-dog-ofta-av-andra-orsaker>

<https://steigan.no/2022/03/en-lang-historie-med-covid-19-dodsfalltriksing/>

[https://brandnewtube.com/watch/bulgarian-journalist-expose-pentagon-biolabs-amp-bioweapons-research-in-ukraine-amp-georgia-di\\_lwiEbLhgD86Xeg3.html](https://brandnewtube.com/watch/bulgarian-journalist-expose-pentagon-biolabs-amp-bioweapons-research-in-ukraine-amp-georgia-di_lwiEbLhgD86Xeg3.html)

<https://lakartidningen.se/aktuellt/nyheter/2020/08/covid-19-ofvast-inte-ensam-orsak-vid-dodsfall-bland-aldre/>

<https://www.msn.com/en-xl/news/other/why-the-chaotic-way-deaths-were-recorded-in-the-pandemic-could-mean-thousands-were-wrongly-blamed-on-covid/ar-AAVgY2a>

[https://brandnewtube.com/watch/dr-david-martin-files-lawsuit-against-biden\\_Z9kJKxBqkwP987.html](https://brandnewtube.com/watch/dr-david-martin-files-lawsuit-against-biden_Z9kJKxBqkwP987.html)

<https://dailyexpose.uk/2022/03/23/david-martin-files-lawsuit-against-joe-biden/>